



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögðu 7
101 Reykjavík

Borgarnesi, dags. 20. maí 2021
Málsnúmer 2103044/FS

Efni: Stjórnsýsla í Borgarbyggð – tilkynning um kvörtun

Vísað er til bréfs sem barst Borgarbyggð þann 12. apríl 2021 vegna kvörtunar Guðveigar Eyglóardóttur, sveitarstjórnarmanns í Borgarbyggð. Bréfið var framlagt á 559. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar, þann 14. apríl 2021. Í bókun byggðarráðs var þess óskað að sveitarstjóri kæmi á framfæri við ráðuneytið leiðréttingum um fjölda fulltrúa í byggingarnefndum og viðbótarupplýsingum varðandi verkstöðu miðað við áramótin 2021-2021.

I. Fjöldi fulltrúa Framsóknarflokksins í byggingarnefndum

Hvað varðar fjölda fulltrúa í byggingarnefndum, þá var til hliðsjónar vísað til opinnar greinar fyrrverandi sviðsstjóra Borgarbyggðar, Ragnars Frank, í umfjöllun í kafla II í bréfinu. Í þeirri grein vísaði þáverandi sviðsstjóri til þess að Framsóknarflokkurinn hefði átt tvo fulltrúa af fimm í byggingarnefnd leikskóla að Kleppjárnsreykjum og byggingarnefnd Grunnskóla Borgarness.

Hvað varðar skipan í byggingarnefnd Hnoðrabóls, leikskólans á Kleppjárnsreykjum er meðfylgjandi skjal, tekið saman af skjalastjóra sveitarfélagsins um skipan í byggingarnefnd Hnoðrabóls. Af skjalinu má sjá að ekki er rétt að Framsóknarflokkurinn hafi átt tvo fulltrúa af fimm í byggingarnefnd Hnoðrabóls. Hið rétta er að frá árinu 2017 og til dagsins í dag situr einn fulltrúi Framsóknarflokks í byggingarnefnd leikskólans. Guðveig Eyglóardóttir hefur setið í nefndinni frá 16. nóvember 2017 og Orri Jónsson, varamaður í sveitarstjórn fyrir sama flokk hefur verið varamaður fyrir sama flokk hefur setið í nefndinni frá 13. september 2018 til dagsins í dag.

Hvað varðar skipun í byggingarnefnd Grunnskóla Borgarness er meðfylgjandi skjal, tekið saman af skjalastjóra sveitarfélagsins um skipan í byggingarnefnd grunnskólans. Af skjalinu má sjá að Guðveig Eyglóardóttir var fulltrúi Framsóknarflokksins í byggingarnefnd frá 7. nóvember 2014 til 23. október 2015, þegar Helgi Haukur Hauksson tekur við formennsku í byggingarnefnd, sem fulltrúi Framsóknarflokksins. Þann 15. mars 2016 breyttist skipan nefndarinnar og hafði Framsóknarflokkur ekki aðila í byggingarnefnd fram til 20. desember 2018 þegar Davíð Sigurðsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í sveitarstjórn tók sæti í nefndinni.

Ofangreint breytir því ekki að það er byggingarnefndin, en ekki einstakir starfsmenn sem bera ábyrgð á því hverjir valdir voru til þess að hanna byggingar og lóðir, velja verktaka og aðrar ákvarðanir sem taka þurfti vegna framkvæmdanna.

II. Uppfærð verkstaða vegna Hnoðrabóls, leikskólans á Kleppjársreykjum

Í bréfi sveitarfélagsins, dags. 12. apríl 2021 er fjallað í kafla I um ráðstöfun sveitarstjórnar vegna leikskólalóðar á Kleppjársreykjum. Í umfjöllun var vísað til verkstöðuskjals dags. 2. nóvember 2020, frá þeim tíma sem erindið var tekið fyrir. Í kjölfar óskar byggðarráð eftir því að eftirlitsmaður verksins tæki saman raunverkstöðu miðað við áramótin 2021-2021. Umrætt skjal er meðfylgjandi bréfi þessu.

Af skjalinu má sjá að verkstaða vegna ársins 2020, vegna leikskólabyggingarinnar var 91% af áætluðum heildarkostnaði og er því 30.491.638 kr. undir kostnaðaráætlun miðað við áramót. Þegar litið er til kostnaðar vegna lóðar fór sá kostnaður fram úr áætlun, ef einungis er skoðuð lóðin við Hnoðraból, samtals kr. 32.943.146, sem er 182% miðað við kostnaðaráætlun. Hnoðraból og Kleppjársreykjadeild Grunnskóla Borgarfjarðar er sambyggð og var ýmis jarðvinna unnin á báðum lóðunum sem gerði það að verkum að erfitt er að greina á milli hvaða verk reikningur skuli bókast á.

Þegar rauntölur eru teknar saman miðað við upphaflegu kostnaðaráætlun vegna þessara tveggja verka, þ.e. húsbyggingar að Hnoðrabóli og lóðafrágangs skólalóða við grunn- og leikskóla er áætluð að fjárhæð kr. 368.337.000 en raunveruleg fjárhæð sem bókuð er inn á verkið kr. 370.788.508, eða 100,66% af kostnaðaráætlun. Taka ber jafnframt fram að eftir ábendingar frá endurskoðendum var tekin ákvörðun um að flytja reikninga vegna Hnoðrabóls, sem gefnir voru út á árinu 2021, en voru vegna vinnu á árinu 2020, yfir á árið 2020. Þetta eru þær upplýsingar sem byggingarnefnd Hnoðrabóls og starfsmenn ráðhúss miðuðu við þegar metin var hvort þörf væri á viðauka. Þegar litið er til fjárhagsáætlunar Borgarbyggðar fyrir árið 2020 þá var áætlað að kr. 166.000.000 færi í leikskólabyggingu að Hnoðrabóli, kr. 40.000.000 færu í leikskólalóð og kr. 50.000.000 færu í grunnskólalóð að Kleppjársreykjum. Hönnun við leikskólalóð Hnoðraból var ekki lokið þegar áætlað var á verkið og því áætlun aðeins miðuð við frumhönnun lóðarinnar. Á byggingarnefndarfundi 29. október 2020 var lagt fram verkstöðuskjal þar sem fram kom að vinna við leikskólalóð væri komin í 47 milljónir króna en að heildarkostnaður yrði áætlaður á bilinu 75-80 milljónir við fullfrágengna lóð. Sveitarstjóri óskaði eftir því að haft yrði samband við hönnuð og henni gert að sleppa hluta hönnunar og lækka kostnað lóðarinnar til muna. Á fundi byggingarnefndar var eftirlitsaðila, formanni nefndarinnar og starfsmanni nefndarinnar falið að vinna að tillögu til að ná niður kostnaði við verkið. Á þessum tímamarki átti leikskólinn að vera fluttur inn í leikskólann en það var ekki gerlegt þar sem sveitarfélagið fékk ekki lokaúttekt á leikskólann vegna ástands lóðarinnar. Ákveðið var að ljúka eins miklu og nauðsynlegt var af lóðinni til þess að hægt væri að flytja starfsemi leikskólans. Eins var á fundinum ákveðið að fresta framkvæmd við sparkvöll á grunnskólalóðinni og því skapaðist svigrúm til að færa fjármagn frá grunnskólalóð yfir á leikskólalóð. Enn fremur vísast til erindisbréfs byggingarnefndar vegna byggingar leikskólans Hnoðrabóls að Kleppjársreykjum og fyrirhugaðra breytinga á húsnæði Kleppjársreykjaskóla, þar sem segir m.a. að nefndin skuli

hafa yfirumsjón með hönnun heildstæðrar lóðar fyrir leik- og grunnskóla með lóðarhönnuði og fylgja þeirri framkvæmd eftir.

Miðað við fært bókhald sveitarfélagsins á fjárhagsárinu 2020 var raunkostnaður vegna grunnskólabyggingar kr. 171.500.000, raunkostnaður vegna leikskólalóðar kr. 87.700.000 og raunkostnaður vegna grunnskólalóðar kr. 14.900.000. Af þessu má sjá að framúrkeyrsla er á framkvæmdum við grunnskólann að Hnoðrabóli, sem telja mætti innan skekkjumarka 103,3% af kostnaðaráætlun. Skýrist þessi framúrkeyrsla fyrst og fremst af því að reikningar vegna vinnu sem sannanlega var unnin á árinu 2020 bárust sveitarfélaginu á árinu 2021 og því ekki upplýsingar til staðar sem báru með sér framúrkeyrslu við lok árs. Þegar litið er til lóða við leikskóla og grunnskóla á Kleppjárnsreykjum er áætlað í fjárhagsáætlun samtals kr. 90.000.000 í þessar tvær lóðir. Bókfærður kostnaður vegna lóðanna á fjárhagsárinu 2020 eru kr. 102.600.000, sem er framúrkeyrsla á framkvæmdum við lóðir upp á 14%. Taka ber fram að sveitarfélagið hefði þurft að kalla eftir betri og nákvæmari reikningum frá verktökum vegna lóðaframkvæmda, en oft og tíðum var óljóst hvort verktaki vann við leikskólalóð eða grunnskólalóð. Það skýrir jafnframt að hluta ástæðu þess hversu vannýttar fjárheimildirnar eru vegna grunnskólalóðarinnar.

Af framangreindum sökum hefði þurft á viðauka að halda, sérstaklega fyrir lóðaframkvæmdir, svo sveitarfélagið væri innan fjárheimilda. Jafnframt hefur verið hafin vinna við að skýra nánar hlutverk eftirlitsmanns, hlutverk byggingarnefnda og hlutverk starfsmanna ráðhúss Borgarbyggðar, til þess að enginn vafi leiki á því að allir aðilar séu meðvitaðir um hvaða fjárheimildir eru til hvers verks fyrir sig á viðkomandi fjárhagsári. Í umræddu verki vann eftirlitsmaður fyrst og fremst sína vinnu í samræmi við upphaflega fjárhagsáætlun fyrir verkið, en var ekki nægilega meðvitaður um þá fjármuni sem áætlaðir eru í verkið frá ári til árs. Í þeim verkum sem eftirlitsmaður verður ráðinn hjá sveitarfélaginu í framtíðinni verður það gert að skilyrði að eftirlitsmaður sé grandsamur um þær heimildir sem sveitarfélagið hefur til fjárútláta. Jafnframt verður það gert að hlutverki byggingarnefndar að leggja til við byggðarráð sveitarfélagsins að ráðast í gerð viðauka ef það stefnir í framúrkeyrslu miðað við þær fjárheimildir sem til staðar eru. Er því stefnt að því að tvöföld trygging sé fyrir því að framkvæmdir sveitarfélagsins séu innan þess ramma sem nauðsynlegt er.

Taka ber fram að þessum verkum lauk ekki á árinu 2020, en þeim mun ljúka á árinu 2021 og hefur verið áætlað fyrir þeim framkvæmdum í fjárhagsáætlun ársins 2021. Ekki ber því að líta svo á að ofangreindar prósentutölur séu endanlegar krónutölur fyrir framkvæmdina. Líkur standa til þess að framkvæmdirnar fari fram úr upphaflegri áætlun þó það liggja ekki endanlega fyrir, fyrr en lokaúttekt á húsnaðinu hefur farið fram. Þrátt fyrir ofangreint telur sveitarfélagið það fagnaðarefni eitt og sér að verkefnið í heild sinni fari ekki langt umfram þær upphaflegu áætlanir sem gerðar voru um húsbygginguna, við útboð sveitarfélagsins og telur framkvæmdina að stærstu leyti hafa gengið vel þó skerpa þurfi á verklagsreglum og samskiptum milli eftirlitsmanns, byggingarnefndar og starfsmanna ráðhúss Borgarbyggðar.

III. Niðurlag

Hafi ráðuneytið athugasemdir við ofangreint bréf eða óskar eftir nánari sundurliðun eða upplýsingum varðandi þær verkframkvæmdir sem um ræðir svarar undirritaður þeim góðfúslega.

virðingarfyllst,
f.h. Borgarbyggðar

Flosi H. Sigurðsson hrl.
Sviðsstjóri stjórnsýslu- og þjónustusviðs

Fylgiskjöl:

1. Saga byggingarnefndar Grunnskólans í Borgarnesi.
2. Saga bygginganefndar leikskólans á Kleppjársreykjum, Hnoðrabóls.
3. Verkstöðuskjal leikskólans á Kleppjársreykjum, Hnoðrabóls m.v. áramótin 2020-2021.